

IJF-leikreglur, ný áform

Kawasu-gake

Ákvæðið um *kawasu-gake* er í 27. gr, 22 tölulið núgildandi reglna. Nýja ákvæðið varðandi þetta bragð er svohljóðandi:

Ef keppandi beitir *kawasu-gake* og snýr í sömu átt og uke og lætur sig falla aftur á bak ofan á hann, og engu síður þótt hann snúi eða vindi sig til í kastinu, er um að ræða óleyfilega aðgerð og vítið er **hansoku make**.

Leyfilegt er hinsvegar að vefja fæti um fót uke í brögðum eins og *o-soto-gari*, *o-uchi-gari* og *uchi-mata* og skal árangur slíkra bragða metinn til stiga.

(Þetta ákvæði hefur þegar tekið gildi. Áður var refsingin *keikoku*)

Reglan um “gullskor”

1. Þegar lotutíma er lokið (fimm mínútur fyrir karla og fjórar fyrir unglinga) og ekkert hefur verið skorað eða báðir keppendur hafa jafnmörg stig, þá skal ákvarða úrslit í viðureigninni með “gullskor”.
2. Aðaldómari kallar “soremade” og klukkan er stillt á ný eins og þegar ný viðureign hefst (tími gullskorar er hinn sami og fyrri viðureignar)
3. Skoruð stig, refsistig og einnig merki um læknisaðstoð á stigatöflunni skulu afmáð. Allt er fært í upphafsástand.
4. Aðaldómari lætur viðureignina hefjast á ný á venjulegan hátt með því að kalla “hajime”. Ekkert hlé er á milli loka upphafsviðureignar og upphafs gullskorar-viðureignar.
5. Fyrstu skoruð stig eða fyrsta refsing sker úr um viðureignina, og þá lýkur viðureigninni þegar í stað. Árangurinn í gullskorar-viðureigninni skal skráður í keppniskýrsluna (“fight sheet”). Því að einungis skoruð stig (eða refsistig) í gullskorar-lotunni gilda sem árangur í viðureigninni.
6. Ef um er að ræða *ne-wasa* og *osaekomi* hefur verið kallað, skal aðaldómari leyfa að takinu sé haldið í 25 sekúndur (ippon) nema *osaekomi* rofni (*toketa*) eða annarhvor keppenda nái fullnaðarárangri meða *shime-wasa/kansetsu-wasa*. Sigurvegarinn fær þá stig í samræmi við þann árangur sem hann hefur náð.
7. Ef *hansoku-make* er dæmt í gullskorar-viðureign, eru afleiðingarnar fyrir þann sem tapar hinar sömu og í venjulegri viðureign.

8. Ef gullskorar-framlengingin endist fulla lotulengd án þess að skorað sé eða refsistig veitt, þá skulu dómarnir þrír úrskurða um sigur. Skulu úrslit tilkynnt eftir að aðaldómari hefur kallað *hantei* og allir dómarnir lyfta lituðu flaggi eftir því sem við á. Í slíku tilviki skulu dómara einingis leggja til grundvallar athafnir og *kinsa* í gullskorar-lotunni (fyrri lotan kemur ekki til álita þegar hantei-úrskurðurinn er gefinn).
Á keppniskýrslu skulu slík úrslit skráð sem *hantei*-vinningur (1 stig).

Víti í tveimur stórum flokkum

27. grein – Bannatriði og víti

Inngangur

Í reglunum eru núna 32 bannatriði. Fyrir brot á þeim er refsað með fjórum tegundum af víti (í meirihluta þeirra er skortur á samkvæmni)

Sýndarsókn = shido
Stigið út fyrir = chui

Hversvegna?
Á hverju er slíkt mat byggt?

shido + chui + keikoku = keikoku
keikoku = keikoku

3 brot og jafntefli
eitt brot Hversvegna?

shido + keikoku = keikoku
keikoku + shido = hansoku make

2 brot annar tapar
sömu brot en EKKI hinn
Hversvegna?

Af ofangreindum dæmum má álykta að betri samkvæmni næðist með því að skipta brotum í tvo stóra flokka:

Hér kemur ný tillaga þar sem öllum brotum er skipt í annarsvegar “minniháttar” brot (shido) og “alvarleg” brot (hansoku make).

Minniháttar brot: Minniháttar brot eru þau brot sem teljast stafa af tæknivillum og vankunnáttu. Víti fyrir slík brot er shido.

Alvarleg brot: Alvarleg brot eru brot í tilvikum þar sem reynir á heiðarleika keppenda eða þegar brotið er gegn anda og markmiðum júdo-íþróttarinnar.

Flokkur minniháttar brota Lagt er til að öll bannatriði eða framganga í keppni (tactical actions) sem skerða ekki heiðarleika keppenda og brjóta ekki í bága við anda júdo-íþróttarinnar verði refsað með **shido**.

- 1.-11. Sömu töluliðir og sömu atriðin og í núgildandi leikreglum (27. grein)
12. Skammbyssutak (“pistol grip”) - að halda um líninguna (fremsta hluta ermarinnar) milli þumals og hinna fingranna, hvort heldur er ofan eða neðan handleggs á andstæðingnum.
13. Vasa-grip (“pocket grip”) - Að halda í ermalíninguna þannig að það brettist upp á neðsta hluta ermarinnar.
- 14.-19. eru töluliðir 12-17 í núgildandi leikreglum.
20. er töluliður 21 í núgildandi reglum.
- 21.- 23. eru töluliðir 18-20 í núgildandi reglum.

(Þetta eru öll atriðin sem refsað var fyrir með shido og chui í núgildandi reglum að viðbættum töluliðum 12 og 13 hér að ofan)

Flokkur meiriháttar brota Önnur bannatriði sem gætu verið hættuleg fyrir keppinautinn eða valdið honum meiðslum – eða eru andstæð anda júdoíþróttarinnar skulu nú varða **hansoku make**.

Hér eru 11 töluliðir. Þetta eru sömu bannatriðin eg eru í töluliðum 22-32 í núgildandi reglum en þar er brotum refsað ýmist með keikoku eða hansoku make.

Færsla á stigatöflu

Endurtekin víti fyrir brot keppenda eru lögð saman á stigatöflunni.

Endurtekið shido er skráð með eftirfarandi hætti á stigatöfluna:

2 shido = yuko 3 shido = wasa-ari 4 shido = ippon

En gagnvart keppendum eru vítin eingöngu tilkynnt með **shido** og **hansoku make**.

Hér á eftir koma svo bannatriðin í áðurnefndum tveimur flokkum í þeirri röð sem þau eru tilgreind á vefsíðu IJF (Athugið að skýringargreinarnar (appendixes) í leikreglunum eru ekki uppfærðar á vefsíðu IJF í samræmi við þessa nýju niðurröðun):

Flokkur minniháttar brota

Í þessum brotaflokki eru þau bannatriði eða refsiverð framganga í keppni (tactical actions) sem skerða ekki heiðarleika keppenda og brjóta ekki í bága við anda júdo-íþróttarinnar.

Fyrir slík brot skal í refsað með **shido**.

Þessi brot eru eftirfarandi:

1. Að forðast af ásettu ráði að taka andstæðinginn tökum eða hindra tök hans, og koma þannig í veg fyrir sóknaraðgerðir.
2. Að viðhafa óhóflega varnartilburði í uppréttri stöðu (að jafnaði lengur en 5 sekúndur).
3. Að viðhafa tilburði sem ætlað er að gefa í skyn að sókn sé í vændum en í ljós kemur að greinilega var ekki ætlunin að kasta andstæðningnum (sýndarsókn, “false attack”).
4. Að standa í báða fætur algjörlega inni á hættusvæðinu NEMA keppandinn sé að hefja sókn, hafi þegar byrjað sókn, sé að beita gagnbragði gegn sókn andstæðingsins eða að verjast sókn hans. (að jafnaði lengur en 5 sekúndur)
5. Að verjast með því að halda í sífellu fremst í ermi eða ermar andstæðingsins í uppréttri stöðu (að jafnaði lengur en í 5 sek.) eða nota handgrip til að snúa upp á ermar hans.
6. Að hindra sóknaraðgerðir í uppréttri stöðu með því að halda fingrum annarrar handar eða beggja á andstæðingnum föstum í krumlutaki. (að jafnaði lengur en 5 sekúndur)
7. Að færa eigin búning úr lagi af ásettu ráði eða að leysa eða hnýta belti eða buxur án leyfis aðaldómara.
8. Að draga andstæðinginn niður í þeim tilgangi að hefja *ne-wasa* nema það sé í samræmi við 16. gr.

9. Að grípa með einum fingri eða fleirum inn í ermar eða skálmar á búningi andstæðingsins eða nota handgrip til að snúa upp á ermar hans.
10. Að taka í uppréttri stöðu hvert það tak sem ekki telst “eðlilegt” án þess að sækja. (að jafnaði 3-5 sekúndur)
11. Að sýna enga sóknartilburði í uppréttri stöðu eftir að tók hafa verið tekin. (Sjá viðbótargrein - aðgerðarleysi)
12. Skammbyssutak (“pistol grip”) - að halda um líninguna (fremsta hluta ermarinnar) milli þumals og hinna fingranna, hvort heldur er ofan eða neðan handleggis á andstæðingnum.
13. Vasagrip (“pocket grip”) – að halda í ermálíninguna þannig að það brettist upp á fremsta hluta ermarinnar.
14. Að grípa í fót (fætur) andstæðingsins, buxnaskálm (skálmar) með annarri hendi eða báðum í uppréttri stöðu nema samtímis sé reynt að beita kastbragði.
15. Að vefja beltisendanum eða jakkanum um hvaða líkamshluta andstæðingsins sem er.
16. Að bíta í búning, hvort heldur er andstæðingsins eða sjálfs sín.
17. Að setja hönd, handlegg, fót eða fótlegg beint í andlit andstæðings.
18. Að setja fót eða fótlegg í belti andstæðingsins, hálsmál hans eða kraga.
19. Að beita *shime-wasa* með því að nota jakkalaf eða belti eða með því að nota einungis fingurna.
20. Að fara út fyrir keppnisvæðiði *tachi-wasa* eða *ne-wasa* eða að þvinga af ásettu ráði andstæðinginn til að fara út fyrir keppnisvæðið (sjá 9. grein "Undantekningar").
21. Að beita fótaskærum á bol (*dojime*), háls eða höfuð andstæðingsins (“klippa” með krosslögðum fótum og teyja jafnframt á fótleggjunum).
22. Að sparka með hné eða fæti í hönd eða handlegg andstæðingsins til þess að hann sleppi taki sínu.
23. Að rétta upp fingur andstæðingsins til að losa tak hans.

Flokkur meiriháttar brota

Í þessum flokki eru þau bannatriði sem gætu verið hættuleg fyrir keppinautinn eða valdið honum meiðslum – eða eru andstæð anda júdoíþróttarinnar.

Fyrir slík brot skal refsað með **hansoku make**.

Þessi brot eru:

1. Að reyna að kasta andstæðingnum með því að vefja öðrum fætinum um fótlegg hans, horfandi í sömu átt og hann, og láta sig falla aftur á bak ofan á hann (*kawasu-gake*).
2. Að beita *kansetsu-wasa* (armlás) annarstaðar en á olnbogalið.
3. Að lyfta upp andstæðingi sem liggur á bakinu, og keyra hann aftur af afli niður á dýnuna.
4. Að bregða að innanverðu þeim fæti andstæðingsins sem hann stendur í, þegar hann er að taka bragð eins og t.d. *harai-goshi* o.s.frv.
5. Að óhlýðnast fyrir mælum aðaldómara.
6. Að vera með óþarfa köll eða hróp meðan á keppni stendur eða viðhafa athugasemdir eða tilburði í því skyni að óvirða andstæðinginn.
7. Að viðhafa nokkra þá aðgerð sem gæti slasað eða skaðað andstæðinginn, einkum háls hans eða hrygg eða brotið í bága við anda júdoíþróttarinnar.
8. Að láta sig falla beint á gólfið þegar beitt er eða reynt að beita brögðum eins og t.d. *waki-gatame* .
9. Að "stinga sér", þ.e. að beygja sig fram og niður þannig að höfuðið lendi fyrst í dýnuna, þegar tekin eru brögð eins og t.d. *uchi-mata*, *harai-goshi* o.s.frv.
10. Að láta sig falla aftur á bak af ásettu ráði ef andstæðingurinn hefur krækt sig fastan á bak manns og báðir keppendur geta haft stjórn á hvors annars hreyfingu.
11. Að hafa á sér einhvern hlut úr málmi eða öðru hörðu efni (hvort sem vafið er um hann eða ekki).

Hneigingar

Mikilvægt er að virða hneigingar og framkvæma þær á réttan hátt.

Dómaranefnd IJF leggur til að keppendur þurfi ekki að hneigja sig þegar þeir ganga að mörkum hættusvæðisins.

Þegar keppendur eru í upphafsstöðu fyrir sjálfa viðureignina og standa andspænis hvor öðrum skulu þeir hneigja sig og skal aðaldómari hafa strangt eftirlit með því.

Þessa hneigingu skulu keppendur endurtaka að lokinni viðureign.